



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss - sími: 486 6100 - kt. 540602-4410 - skeidgnup@skeidgnup.is - www.skeidgnup.is

Árnesi, 5.4.2024

Fundanúmer í WorkPoint : F202406-0024

4. Framkvæmdanefnd

Fundartími: 7:30 – 15:30

Boðaðir: Gunnar Örn Marteinnsson; EXT Lilja Loftsdóttir

Fundarstjóri: Haraldur Þór Jónsson

Ritari: Haraldur Þór Jónsson

Starfsmenn: Vilborg Ástráðsdóttir

1. Skoðunarferð til Reykjavíkur

Lagt af stað frá Árnesi kl. 7:30. Farið í skoðunarferð til Reykjavíkur. Fyrsti áfangastaður var íþróttamiðstöð Fram í Úlfársdal. Íþróttamiðstöðin er sambyggð Dals skóla og Dalslaug. Í Dals skóla er samrekinn leikskóli, grunnskóli og frístundaheimili ásamt því að Dalslaug og bókasafn er í sama húsi. Allar byggingar eru samtengdar og innangengt. Íþróttamiðstöð Fram er svo einnig samtengt þannig að hægt er að ganga innandyra milli allra bygginganna. Í íþróttamiðstöðinni er stór innanhúss íþróttasalur, úti fótboltasvæði, lyftingasalur, aðrir minni æfingasalir ásamt fjölda búningaklefa. Mikill kostur að sjá flæði notenda geta samnýtt alla aðstöðu og komist á milli mismunandi bygginga án þess að fara út úr húsi.

Næst var farið á fund með Rauðukömbum varðandi uppbyggingu þeirra í Árnesi og mögulegt íbúðahótel í Árnesi. Rætt sérstaklega um hvernig slíkt hótel gæti passað vel inní framtíðaruppbyggingu í Árnesi. Næst var farið á Verkstæðið ehf í Mosfellsbæ. Verkstæðið er um 30 manna vinnustaður sem er í anda fablab og megin áhersla á hönnun og smíði á leikmyndum.

Fleira ekki gert og komið til baka í Árnes um 15:30.

Þeir fulltrúar sem voru á fundinum staðfesta fundargerðina með rafrænni undirritun.

Rafræn undirritun eftirfarandi fulltrúa í stjórn staðfestir að viðkomandi var ekki á fundinum en hefur kynnt sér fundargerðina: